

Alþingi
Erindi nr. P 135/1713
komudagur 10. 3. 2008

T TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
C Sími: 552 7500
FAX: 552 7501
M KT. 690506-0330
tcminnheimta@tcm.is
www.tcm.is

Alþingi
Efnahags og viðskiptanefnd
c/o Selma Hafliðadóttir ritari
150 Reykjavík

Reykjavík 7 mars 2008

Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.

Innheimtustarfssemi er afar mikilvægur þáttur í efnahagskerfinu. Það skiptir miklu máli að fjárkröfur séu greiddar með réttum hætti og í tíma. Neikvæðar afleiðingar vanskila eru víðtækari en ætla má við fyrstu sín. Beinn kostnaður kröfuhafa sem fær ekki skuld greidda á réttum tíma er augljóslega viðbótar vaxtakostnaður vegna aukinnar lánsfjárþarfar og tap vegna verðrymnunar gjaldmiðils. Afleiddur kostnaður samfélagsins er einnig verulegur. Útlendar rannsóknir sýna að árlega tapast fjölmörg störf vegna gjaldþrota fyrirtækja, sem ekki fengu greiddar kröfur á réttum tíma.

Samkvæmt rannsókn sem Evrópusambandið lét gera í lok síðustu aldar töpuðust árið 1995 450.000 störf í löndum sambandsins vegna gjaldþrota fyrirtækja sem áttu rót að rekja til vanskila viðskiptamanna. Vanskil milli landa voru á þessum tíma talin standa hinum innri markaði verulega fyrir þrifum. Tilskipunin setti þá kvöð á aðildarríkin að setja í landslög ákvæði sem auðvelduðu innheimtu dráttarvaxta og heimiluðu álagningu vanskilakostnaðar á skuldara.

Í þeim skýrslum sem unnar voru í aðdraganda setningar tilskipunar 2000/35/EC kemur skýrt fram að vanskil fjárkrafna eru minna vandamál í þeim ríkjum þar sem dráttarvextir voru innheimtir og þar sem heimilt var að leggja vanskilagjöld á skuldara.

Augljóslega þarf að vanda til lagasetningar um þessa mikilvægu starfssemi, en undirritaður telur nokkuð vanta upp á að svo sé hvað þetta frumvarp varðar.

Um 1. gr. frumvarpsins

Gildissvið laganna er ekki nægjanlega skýrt. Þannig segir að frumvarpinu að lögin gidli ekki um “eigin innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga.”

Þetta er of óskýrt því hugsanlega getur innheimtufyrirtæki staðið fyrir innheimtu á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þegar um er að ræða viðskiptabréf með beinni aðfarar- og eða nauðungarsölu heimild. Slík innheimta er ekki rekin fyrir dómstólum og þarf ekki atbeina lögmanns að slíkri innheimtu.

Þá vantar að skilgreina hugtakið innheimta skv. lögnum. Í Skandinavíu er til orðið inkasso og á ensku er oft talað um amicable collection. Á Íslandi hafa hugtökin fruminnheimta og millinnheimta fest sig í sessi á síðustu árum til hliðar við löginnheimtu eða lögfræðinnheimtu. Eðlilegt er að nota þessi hugtök í frumvarpinu og nauðsynlegt er að skilgreina þau í lögnum. Í norsku innheimtulögnum (sem sögð er fyrirmynd íslensku laganna) er að finna skilgreiningu á hugtakinu “inkasso”.

Þá má loks spyrja hvers vegna eigi að undanþiggja opinbera innheimtu aðila undan reglu 6 gr. frumvarpsins um góða innheimtuhætti.

Um 7. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið má einfalda, þannig að ekki verði óþarflega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki að senda slíkar viðvaranir. Einnig þarf að taka á því hvernig fara eigi með aðila sem er ekki með skráð heimilisfang (óstaðsettur í hús), eða er búsettur í útlöndum.

Um 12 gr. frumvarpsins.

Undirritaður hefur miklar efasemdir um ágæti þess að lögbinda reglur um hámarkskostnað. Hár innheimtukostnaður hefur ekki verið viðvarandi vandamál hér á landi og kann setning reglugerðar um hámarkskostnað að verða þess valdandi að draga úr samkeppni á markaði. Innheimtuaðilar hætta að keppa í verðum og innheimta hámarksgjald skv. reglugerð. Eðlilegt er að leitað verði áhlits samkeppniseftirlitsins á þessum þætti frumvarpsins. Samkeppni á þessum markaði er mikil í dag og fer harðnandi. Bæði kröfuhafar og skuldarar njóta góðs af slíku ástandi þar sem keppt er bæði í þjónustu og verðum.

Heppilegra er að mínu mati að setja vísireglu þess efnis að óheimilt sé að innheimta óhæfilegan eða ósanngjarnan kostnað að teknu tilliti til fjárhæðar skuldar, aldurs skuldar og fyrri innheimtutilrauna.

Virðingarfyllst
Sigurjörn Þorbergsson hdl.

